

Hverjir fara í kennaranám og hvers vegna? Viðhorf grunnskólakennaranema og framhaldsskólanema

Greinin fjallar um norræna rannsókn á viðhorfum grunnskólakennaranema og nemenda á síðasta ári í framhaldsskóla til kennarastarfsins. Fram kom í rannsókninni að þorri íslensku kennaranemanna, sem þátt tók, var konur með íslensku sem móðurmál. Kennaranemarnir völdu sér ekki starfsvettvang út frá stöðutákni og launum heldur gáfu þeir upp persónulegar ástæður fyrir vali sínu. Þeir töldu kennarastarfið mjög mikilvægt fyrir samfélagið, það væri erfitt en í því fælist mikil ögrun, það væri fjölbreytt og gæfi möguleika á persónulegum þroska. Framhaldsskólanemarnir í rannsókninni töldu að þótt kennarastarfið væri mikilvægt starf væri það svo illa launað að það væri ekki freistandi að læra til kennara. Ungt fólk reyndist jákvæðast gagnvart kennarastarfinu á Íslandi og í Finnlandi.

Efnisorð: Kennaramenntun, norræn kennaramenntun, viðhorf til kennarastarfsins

INNGANGUR

Kennarar gegna mikilvægu hlutverki í samfélaginu á hverjum tíma og eru áhrifavaldar í lífi nemenda sinna. Nám og menntun barna og ungmenna hefur gildi fyrir þau sjálf en ekki síður fyrir samfélagið og þróun þess. Því hlýtur að vera áhugavert að skoða hverjir fara í kennaranám og hvers vegna. Í fjölbreytilegu samfélagi 21. aldar hlýtur margbreytileiki kennarastéttarinnar að teljast eftirsóknarverður svo að opna megi leiðir ungs fólks að menningarlegum skilningi. Menntun kennara á hverjum tíma ætti að vera metnaðarmál og keppikefli að vel sé að málum staðið (Dahlgren, Gustafsson, Mellgren og Olsson, 1999; Darling-Hammond, 2000; Lortie, 1975). Þetta á ekki síst við á Norðurlöndum sem líta á sig sem velferðarsamfélög þar sem menntun skipar veigamikinn sess.

Árið 2009 var gefin út skýrsla á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, *Comparative Study of Nordic Teacher-training Programmes* (Norræna ráðherranefndin, 2009). Hún sýndi m.a. þverrandi aðsókn að kennaranámi alls staðar á Norðurlöndum, að Finnlandi undanskildu. Við samanburð á skipulagi grunnskólakennaramenntunar á Norðurlöndum kemur í ljós að menntunin er ólík að uppbyggingu, innihaldi, lengd og staðsetningu. Finnsla kennaramenntunin skilur sig frá að því leyti að hún hefur falist í fimm ára meistaranámi síðan á áttunda áratug síðustu aldar. Í Danmörku tekur kennaranámið fjögur ár og hefur lengst af verið í sérstökum kennaramenntunarföstudunum (d. seminarium). Í Svíþjóð er menntun grunnskólakennara þriggja til fimm ára háskólanám og í Noregi er um að ræða fjögurra ára nám. Á Íslandi var kennaramenntun grunnskólakennara þriggja ára háskólanám til 2008 en þá varð hún fimm ára meistaranám. Fyrstu nemendurnir í fimm ára námi hófu nám haustið 2009.

Unnið hefur verið að því að laga kennaramenntun í Finnlandi, á Íslandi og í Svíþjóð að Bologna-ferlinu. Danska kennaramenntunin hefur verið aðlöguð að hluta en umræðunni um það hvernig eigi að standa að aðlöguninni í Noregi er ekki lokið (Norræna ráðherranefndin, 2010). Á Íslandi hafa þær breytingar sem gerðar voru á Háskóla Íslands, með skipan skólans í fimm fræðasvið og sameiningu við Kennaraháskóla Íslands, þann 1. júlí 2008 líklega stuðlað að enn markvissari innleiðingu Bologna-ferlisins í skólanum (Þórður Kristinsson, 2010).

Misjafnt er eftir löndunum fimm hvort þeir sem hefja kennaranám ljúka því. Á undanföllum árum hefur það hlutfall verið hátt á Íslandi, í Finnlandi og í Svíþjóð en brotthvarf úr kennaranámi er mikið í Noregi og Danmörku. Kennaramenntun á háskólastigi var talin geta aukið virðingu fyrir bæði menntuninni sjálfri og kennarastarfinu. Þetta var notað sem rök þegar menntunin var flutt á háskólastig á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum (Gyða Jóhannsdóttir, 2008). Einnig hafði komið í ljós í athugun þeirra sem að skýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar stóðu að virðing gagnvart kennarastarfinu hafði minnkað alls staðar á Norðurlöndum nema í Finnlandi. Kennaraskortur er staðreynd í Danmörku, Svíþjóð og Noregi, einkum í stærðfræði og öðrum náttúruvísindagreinum (Norræna ráðherranefndin, 2009).

Í greininni er kannaður bakgrunnur þeirra sem hófu grunnskólakennaranám á Menntavísindasviði Háskóla Íslands haustið 2009 og viðhorf þeirra sömu grunnskólakennaranema annars vegar og framhaldsskólanema hins vegar til kennaranáms og til kennarastarfsins. Þessar niðurstöður eru bornar saman við hliðstæðar niðurstöður frá hinum Norðurlöndunum.

AÐFERÐ

Fjallað er um hluta af umfangsmikilli norrænni rannsókn sem gerð var að frumkvæði Norrænu ráðherranefndarinnar, samtímis í fimm löndum, Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Danmarks Evalueringsinstitut (EVA) og Danmarks Pædagogiske Universitet (DPU) höfðu veg og vanda af hönnun rannsóknartækja en rannsakandi frá hverju landi sá um gagnaöflun og tók rýnihópaviðtölin ásamt fulltrúum frá EVA. Í Svíþjóð tóku kennaranemar í Háskólanum í Gautaborg þátt í könnuninni,

í Danmörku kennaranemar í Háskólanum í Óðinsvéum, í Finnlandi voru það kennaranemar í Ábóháskóla, í Noregi kennaranemar í Háskólanum í Volda og á Íslandi nemendur við Háskóla Íslands (HÍ). EVA bar ábyrgð á úrvinnslu allra gagna og gerð skýrslunnar *Rekrutteringsproblematikken på de nordiske læreruddannelser* (Norræna ráðherranefndin, 2010). Höfundur þessarar greinar sá um rannsóknina fyrir Íslands hönd. Niðurstöður er lúta að samanburði allra landanna, bæði hinum meginlega hluta, þ.e. spurningakönnun, og hinum eigindlega, þ.e. rýnihópaviðtölum, svo og töflur og myndir, sem birtar eru í greininni, eru fengnar úr sameiginlegri skýrslu um rannsóknina. Upplýsingar um samsetningu hópsins má finna í töflu 1.

Tafla 1. Upplýsingar um þátttakendur

	Óðinsvé	Ábo	Reykjavík	Volda	Gautaborg
Konur	64%	72%	83%	70%	70%
Innflytjendur	6%	5%	2%	3%	13%
Foreldri með að minnsta kosti framhaldsskólamenntun	70%	74%	61%	69%	56%
Aldursmeðaltal	25	21	25	23	25
Fjöldi kennaranema (framhaldsskólánema)*	169 (138)	96 (78)	118 (44)	61 (97)	611 (135)
Árafjöldi frá því framhaldsskóla lauk þar til kennaranám hófst, meðaltal	5	1	3	4	5

* Fyrri talan táknar fjölda kennaranema, innan sviga er fjöldi framhaldsskólánema

Heimild: Norræna ráðherranefndin, 2010, bls. 56–57

Spurningakönnun

Íslenska rannsóknin var gerð skólaárið 2009–2010. Spurningalisti var lagður fyrir og tekin voru tvö rýnihópaviðtöl. Rannsóknin var einungis gerð meðal staðnema á fyrsta ári í grunnskólakennaranámi á Menntavísindasviði HÍ 2009. Það skapaðist af mjög ströngum reglum þeirra sem um gögnin héldu, þ.e. að fyrirlögn skyldi vera í kennslustund en spurningalisti ekki sendur út. Spurningalistinn skyldi lagður fyrir í lok september en þá voru fjarnemar ekki á staðnum. Alls svöruðu 118 grunnskólakennaranemar spurningalistanum, tæplega helmingur skráðra nema á 1. ári. Einnig var þess krafist að framhaldsskólánemar svöruðu spurningalistanum í sínum eigin skóla. Framhaldsskólinn, sem valinn var, uppfyllti það skilyrði að margir nemendur úr þeim skóla höfðu hafið nám við kennaradeild Menntavísindasviðs síðustu fimm árin áður en rannsóknin var gerð. Framhaldsskólinn auglýsti eftir nemum á lokaári sem voru tilbúnir að svara og tilkynntu 44 þátttöku sína. Þetta er lítill hópur og því mikilvægt að skoða niðurstöður í því ljósi. Spurningalistarnir voru forþröfaðir með því að lítill hópur kennaranema á öðru ári í námi svaraði þeim og gerði athugasemdir.

Í spurningalistunum, sem samdir voru sérstaklega fyrir þessa rannsókn, var mikill fjöldi staðhæfinga sem þátttakendur áttu að taka afstöðu til. Spurt var um kyn, aldur, þjóðerni, tungumál, menntun og lokaekinn á stúdentsprófi, menntun foreldra,

áhugasvið, svo og um viðhorf til kennaranáms og kennarastarfsins. Notaðir voru fyrirfram ákveðnir kóðunarflokkar þar sem um var að ræða fyrirfram skilgreint rannsóknarverkefni. Viðhorf voru könnuð með fjögurra kvarða spurningum (t.d. *mjög sammála, frekar sammála, frekar ósammála, alveg ósammála*) og tvær spurningar með átta undirfullyrðingum voru með möguleikana *aldrei* og *veit ekki* til viðbótar). Spurningalistarnir fyrir hópana tvo voru mismunandi. Listinn sem lagður var fyrir grunnskólakennaranema var ítarlegri, tíu bls., en listinn sem var lagður fyrir framhaldsskólanema var átta bls. Bakgrunnsspurningar voru þær sömu í báðum listunum.

Rýnihópaviðtöl

Tekin voru rýnihópaviðtöl við hóp kennaranema á fyrsta ári og hóp nemenda sem var að ljúka námi í framhaldsskóla, eitt við hvorn hóp. Rýnihópaviðtölunum var ætlað að ná fram umræðu meðal þátttakenda og sem virkasti þátttöku allra (Sóley S. Bender, 2003). Rýnihópaviðmælendur voru valdir með tilviljunarúrtaki, tólf kennaranemar og fimmtán framhaldsskólanemar tóku þátt í hvoru viðtali. Rýnihópaviðtölin fóru fram á ensku þar sem norrænir fulltrúar rannsóknarinnar tóku þátt í viðtölunum. Nemendur vissu að viðtalið færi fram á ensku og virtist það ekki vera hindrun. Þeir nýttu sér aðstoð við túlkun á einstökum orðum meðan sjálf tölalið fór fram. Viðtölin voru tekin eftir að unnið hafði verið úr niðurstöðum spurningalistanna og voru settar fram opnar spurningar um áhugaverða þætti sem fram komu í niðurstöðum úr spurningalistakönnuninni.

Greining gagna

Við greiningu gagna var tekið tillit til þess að sverendahóparnir voru tveir í hverju landi, samtals tíu hópar (kennaranemar og framhaldsskólanemar). Því var í mörgum tilvikum kosið að kynna meðaltal úr gögnunum. Mikilvægt er að hafa í huga að gögnin greina aðeins frá viðhorfum hópanna sem tóku þátt í könnuninni, og ekki skal alháfa í ljósi þeirra. Ekki var framkvæmd greining á þeim sem voru fjarverandi þegar könnunin var lögð fyrir og á Íslandi vantaði fjarnema í úrtakið. Mögulegt er að fjarvera þeirra skekki niðurstöðurnar kerfisbundið.

Tölfræðileg vinna með gögnin var í höndum Bernhard Block Datenerfassung í Þýskalandi eftir lyklun rannsakenda hjá EVA og DPU undir stjórn þeirra Agi Csonka og Lars Qvortrup, en þeir ásamt rannsóknarhópi á þeirra vegum höfðu séð um gerð spurningalistanna og báru ábyrgð á þeim. Úrvinnsla tölfræðilegra gagna fór fram á vormisseri 2010 (Norræna ráðherranefndin, 2010).

NIÐURSTÖÐUR

Hér er fyrst gerð grein fyrir bakgrunni þeirra sem hófu grunnskólakennaranám á Menntavísindasviði HÍ haustið 2009 en meginhluti kaflans er um viðhorf þeirra sömu grunnskólakennaranema annars vegar og framhaldsskólanema hins vegar til

kennaranáms og til kennarastarfsins. Til hægðarauka er hér yfirleitt talað um kennaranema þegar átt er við grunnskólakennaranema.

Kennaranemar

Um 83% íslensku kennaranemanna í rannsókninni voru konur en 17% karlar. Hér skar Ísland sig úr með hæsta hlutfall kvenna í grunnskólakennaranámi. Þá voru 98% kennaranemanna með íslensku sem móðurmál.

Um 18% kennaranemanna á Menntavísindasviði hófu nám strax að loknu framhaldsskólaprófi, 45% einu til tveimur árum eftir að framhaldsskóla lauk og 8% nema hófu kennaranám fimm til sautján árum eftir að þeir luku framhaldsskólaprófi. Tæplega 30% íslensku kennaranemanna höfðu áður hafið annað háskólanám en ekki lokið því. Í rýnihópaviðtölum kom fram að þetta var nám í ólíkum greinum, t.d. stjórnmálafræði, sagnfræði, íslensku eða erlendum málum. Finnskir nemar fóru flestir strax að loknu framhaldsskólanámi í kennaranám en danskir, norskir, sænskir og íslenskir stúdentar biðu lengur með það. Meðalaldur kennaranema, sem voru að hefja nám, var því lægstur hjá finnsku nemunum, eða 21 ár, en 25 ár hjá íslensku kennaranemunum.

Margir kennaranemar sögðu frá því í rýnihópaviðtalinu að kennarar þeirra eða kennarar í fjölskyldunni hefðu haft mikil áhrif á val þeirra á kennaranámi. Íslenskur kennaranemi lýsti því til dæmis þegar hann spurði móður sína, sem var kennari og hann hafði séð „streða“ og vinna oft langt fram á nætur, af hverju hún hefði gerst kennari. „Hún ljómaði þegar hún sagði frá því sem hún sæi gerast hjá börnunum. Þá skildi ég að mamma elskaði starfið sitt.“

Viðhorf til kennaramenntunar

Íslenskir framhaldsskólanemar töluðu af virðingu um góða kennara og mörg dæmi voru einnig nefnd um einstaklinga með kennaramenntun í öðrum störfum. Íslensku og dönsku kennaranemarnir sögðu það auðvelt að komast inn í kennaranám en þeir finnsku töldu það erfitt í samanburði við aðrar greinar. Í Finnlandi eru inntökuviðtöl sem nemendur sögðu að væru góð en erfið.

Í rýnihópaviðtalinu voru framhaldsskólanemar spurðir hvort það skipti máli að auðvelt eða erfitt væri að komast í nám. Íslensku nemendurnir töldu það til marks um að nám væri eftirsóknarvert að erfitt væri að komast í það og námið væri ekki auðvelt. Annað sem kom fram, og tengdist vali á námi, var að staða námsins í samfélaginu hefði nokkur áhrif en einnig að starfið væri mikilvægt fyrir samfélagið. Vinir og ættingjar hefðu líka áhrif á það hvaða nám yrði fyrir valinu.


Í spurningakönnuninni má merkja jákvæðari svör hjá íslensku kennaranemunum en nemum annars staðar á Norðurlöndum við þeirri fullyrðingu að kennaramenntunin sé áhugaverð og áskorun í sjálfu sér. Íslensku kennaranemarnir héldu því fram að ekki skipti miklu máli þó að auðvelt væri að komast í námið. Spurt var hvort námið væri létt og voru 80% kennaranema mjög eða frekar ósammála því að námið væri létt en hins vegar töldu þeir að það væri áhugavert og áskorun í sjálfu sér. Þetta sjónarmið kom fram í svari eins kennaranemans en hann sagði: „Maður fær ekkert að halda

áfram upp á master ef maður stendur sig ekki. Þá getur maður ekki orðið kennari. Þó maður sé kominn inn þýðir það ekki að þetta sé auðvelt.“ Milli 50 og 64% kennaranema í öllum löndunum voru mjög vissir um að þeir myndu ljúka kennaranáminu. Á Íslandi voru 50% alveg vissir og 93% alveg eða nokkuð vissir. Í öllum löndunum voru konurnar ákveðnari en karlarnir í því að ljúka náminu.

Framhaldsskólanemarnir og kennaranemarnir í íslensku rannsókninni töldu mikilvægt að menntun sú sem þeir öfluðu sér gæfi þeim kost á að sinna fjölbreyttum störfum eða veitti þeim tækifæri til frekari menntunar. Líkt og aðrir framhaldsskólanemar í norrænu rannsókninni töldu þeir íslensku minni möguleika á að kennaramenntunin nýttist í ólíkum störfum en kennaranemarnir. Þetta kom bæði fram í spurningakönnuninni og rýnihópaviðtölunum. Íslensku kennaranemarnir sögðu að menntunin væri löng en framhaldsskólanemarnir að hún væri stutt. Hugsanlega getur sá viðhorfamunur sem fram kom tengst lengingu námsins árið 2008; að kennaranemarnir hafi haft vitneskju um þá lengingu en ekki framhaldsskólanemarnir. Í rýnihópaviðtölunum kom fram að íslensku kennaranemarnir væntu þess að lenging námsins myndi opna fyrir fleiri starfsmöguleika og staða og laun kennara myndu vænkast. Íslenskir kennaranemar skáru sig úr með þá skoðun að menntunin gæfi breiða þekkingu og færni. Fram kom í rýnihópaviðtölunum að það væri almennt viðhorf í samfélaginu að ekki væri mikið nýtt að læra í kennaranámi og framhaldsskólanemarnir álitu margir að í grunnskólakennaranáminu væri farið í sama efni og þeir hefðu lært í framhaldsskólanum. Einn íslenskur framhaldsskólanemi orðaði það þannig: „Næstum eins og að setjast aftur á sama skólabeck.“ Almennt töldu framhaldsskólanemarnir að ekki væri um að ræða neina sérstaka sérhæfingu í kennaranáminu heldur að kennaranámið fælist fyrst og fremst í dýpkun í faggreinum. Í rýnihópaviðtölinu töldu kennaranemar að megináherslan í náminu þyrfti að vera á samskiptapáttinn, hann væri það sem mest reyndi á í kennarastarfinu. Af kennaranemum voru 80% mjög sammála því að námið fælist í nánu samstarfi við samnemendur og að það væri mjög mikilvægt eða frekar mikilvægt fyrir þá. Í rýnihópaviðtölunum kom þessi samvinnuþáttur vel fram og ræddu nemendur um að starf kennara á öllum skólastigum væri samskiptastarf og margir kennaranemanna töldu sig vera með sterka samskiptagreind.

Hér skildu finnskir kennaranemar sig verulega úr í viðhorfum sínum til sérhæfingar kennaranámsins þar sem þeir töldu að kennslufræðin væri kjarninn í kennaramenntuninni, þar lægi sérfræðiþekking kennarans fyrst og fremst, og báru hiklaust nám sitt saman við nám í læknisfræði.

Á mynd 1 má sjá niðurstöður frá öllum löndunum úr spurningunni: Hvernig er kennaramenntunin metin í þínu landi?



Heimild: Norræna ráðherranefndin, 2010, bls. 86

Mynd 1. Hversu sammála þátttakendur eru því að kennaramenntun sé mikils metin. (Sýnt er meðaltal þar sem 4 stendur fyrir alveg sammála og 1 fyrir alveg ósammála. F tákna framhaldsskólanema, K tákna kennaranema.)

Varðandi mat kennaranema á menntuninni reyndust finnskir kennaranemar jákvæðastir í garð hennar og íslenskir kennaranemar komu þar næst á eftir. Finnskir og íslenskir kennaranemar urðu einnig minnst varir við neikvæð viðhorf hjá ættingjum og vinum er þeir tilkynntu að þeir hefðu ákveðið að fara í kennaranám. Margir sögðu að flestir virtu val þeirra á námi. Um 60% íslenskra kennaranema voru alveg eða nokkuð sammála því að námið væri mikils metið, 40% voru ósammála því. Í rýnihópaviðtölum lýstu kennaranemar viðbrögðum ættingja og vina þegar þeir sögðu frá því að þeir væru að hefja kennaranám: það væri mikilvægt starf sem þeir myndu sinna en launin yrðu ekki há. Kennaranemarnir fengu að heyra að þeir myndu sinna mikilvægu starfi en margir fengu að heyra að þeir yrðu ekki á háum launum. Í rýnihópaviðtölum við framhaldsskólanema voru þeir spurðir hvernig þeir myndu bregðast við gagnvart vinum sínum sem færu í kennaranám. Þá komu fram svör eins og: „Mikilvægt og gott starf en eynd og peningaleysi.“

Enginn af þátttakendum í rýnihópaviðtalinu við framhaldsskólanema áformaði að fara í kennaranám að loknu stúdentsprófi. Framhaldsskólanemarnir skáru sig úr jafnöldrum sínum annars staðar á Norðurlöndum að því leyti að stór hluti þeirra, eða 77%, var ákveðinn í að fara í áframhaldandi nám eftir stúdentspróf. Sú tala var aftur á móti lægst í sænska hópnum eða 44%. Þegar nemarnir voru spurðir um áhuga-verðar námsgreinar voru svörin fjölbreytilegust hjá finnsku nemunum en þeir nefndu náttúruvísindi, hugvísindi, læknisfræði og samfélagsfræði. Meðal danskra ungmenna voru það einkum hugvísindi og samfélagsgreinar en hjá þeim íslensku, norsku og sænsku var læknisfræðin efst á lista yfir það nám sem þeim fannst eftirsóknarvert og gæfi há laun og háan „status“.

Í rýnihópaviðtölum kom fram að um 60% íslenskra framhaldsskólanema væru fús til að stunda hluta af námi, sem þau færu í, erlendis og tæplega 40% kennaranemanna. Hér skar Ísland sig úr fyrir mikinn áhuga nema á að stunda hluta af námi sínu erlendis. Finnland fylgdi þar næst á eftir með rúmlega 40%. Bæði í spurningalistunum og rýnihópaviðtölunum kom fram að laun virtust hafa meiri þýðingu í vali á námi fyrir framhaldsskólanemana en fyrir kennaranemana.

Um 30% kennaranemanna, sem þátt tóku í rannsókninni, voru að hefja háskólanám í annað eða þriðja sinn. Í rýnihópaviðtölinu greindu þeir frá því að þeir hefðu áður hafið annað háskólanám sem þeir hefðu ekki fundið sig í. Kennaranemar, sem höfðu áður hafið annað háskólanám, lýstu aðstæðum á Menntavísindasviði á mjög jákvæðan hátt. Í því sambandi var vinsamlegt viðmót bæði kennara og annarra nema nefnt, nán tengsl væru við aðra nema og góð samskipti einkenndu allt skólastarfið. Þá nefndu þeir margir jákvæðar aðstæður í námsumhverfinu. Sérstaklega voru kennararnir nefndir og sögðu nemarnir að samskiptin við þá væru persónuleg. Kennarar á Menntavísindasviði væru áhugasamir og hvettu nema til þess að halda áfram náminu.

Í rýnihópaviðtölunum var spurt um fjölmiðlaumræðu um kennarastarfið og kennaramenntun. Íslensku þátttakendurnir töldu að skólamál væru lítið til umfjöllunar og alls ekki á neikvæðan hátt. Þátttakendur töldu þó þörf á að styrkja jákvæða fjölmiðlaumræðu um kennaramenntun og skólastarf. Jafnframt töldu þeir að fjölmiðlar gætu án efa haft áhrif á viðhorf til kennaramenntunar og kennarastarfs. Þátttakendur frá Danmörku, Svíþjóð og Noregi töldu fjölmiðla draga upp neikvæða mynd af kennarastarfinu í sínu heimalandi og sögðu framhaldsskólanemar í þessum löndum að hin neikvæða umfjöllun hefði áhrif á sig og skapaði neikvæð viðhorf til kennaramenntunar. Finnarnir sögðu að það væri mikil og almenn jákvæð fjölmiðlaumfjöllun um skólastarf í Finnlandi.


Viðhorf til kennarastarfsins

Í spurningakönnuninni kom fram að íslensku framhaldsskólanemarnir töldu að þekking kennarans á sinni kennslugrein væri mikilvægust hverjum kennara. Kennaranemarnir íslensku töldu hins vegar að félagsfærni væri kennaranum mikilvægust, þ.e. hæfni til samkenndar og til að þroska hæfni nemenda. Hér skáru finnsku kennaranemarnir sig úr öllum hópnum en þeir einir töldu uppeldis- og kennslufræðina vera kjarna- og meginatriðið í fagmennsku kennarans. Hins vegar kom fram í spurningalistunum að finnsku kennaranemarnir voru minna uppteknir en kennaranemar í hinum löndunum af því að koma auga á og styðja einstaklingsbundna hæfileika nemenda og að búa nemendur undir þátttöku í lýðræðislegu nútímasamfélagi. Allir þátttakendur nefndu launin sem helstu ástæðu þess að gerast ekki kennari.

Flestir þátttakendur, bæði kennaranemarnir og framhaldsskólanemarnir, töldu að litlir möguleikar væru á starfsframa, hvort sem væri innan eða utan skólans. Nefndir voru þættir sem víkka mætti út í kennaramenntuninni, t.d. samskiptaþættir og leiðtogahæfni. Hér skáru íslensku kennaranemarnir sig út og sögðu 70% þeirra að þeir teldu mikla möguleika eða mjög mikla á starfsframa. Í rýnihópaviðtölinu drógu

Íslensku kennaranemarnir nokkuð í land þegar þeir voru beðnir að nefna dæmi um möguleika á starfsframa. Þó að kennarastarfið bjóði upp á sveigjanlegan vinnutíma töldu flestir að starfið væri mjög krefjandi.


Í spurningakönnuninni kom fram að bæði framhaldsskólanemar og kennaranemar töldu það mikilvægan þátt í hlutverki kennarans að vera fyrirmynd nemenda sinna, 85% kennaranemanna voru mjög sammála því og 5% frekar sammála því. Í rýnihópaviðtölunum við íslensku framhaldsskólanemana var þessi þáttur mikið ræddur. Þeir tóku dæmi af reynslu sinni sem nemendur. Siðferðiskrafan gagnvart kennurum á öllum stigum var sterk og voru framhaldsskólanemarnir uppteknir af dæmum um kennara sem voru ekki góð fyrirmynd. Hér skáru íslenskir kennaranemar sig úr með langhæst meðaltal varðandi siðferðiskröfur. Af mynd 2 má ráða að miklar kröfur voru gerðar til kennara á mörgum sviðum. Í rýnihópaviðtölunum voru bæði framhaldsskólanemar og kennaranemar mjög uppteknir af þeim kennurum, sem þeir höfðu haft, og tóku dæmi um þá.



Heimild: Norræna ráðherranefndin, 2010, bls. 92

Mynd 2. Eiginleikar sem þátttakendur í rannsókninni töldu mikilvæga

Þegar framhaldsskólanemar voru spurðir í spurningakönnuninni um ástæðuna fyrir því að gerast ekki kennari voru svörin nokkuð skýr eins og sjá má á mynd 3.




Heimild: Norræna ráðherra nefndin, 2010, bls. 95

Mynd 3. Ástæður sem nefndar eru fyrir því að verða ekki kennari

Mikilvægt starf

Rúmlega 90% íslensku kennaranemanna voru mjög sammála því að kennarar sinni starfi sem sé mikilvægt samfélaginu (sjá mynd 4). Í svörum framhaldsskólanema kom sama viðhorf fram. Í rýnihópaviðtölum, bæði við kennaranema og framhaldsskólanema, voru þessi viðhorf staðfest. Nokkuð skiptar skoðanir voru um það hvort kennarar njóti virðingar í samfélaginu; 40% kennaranemanna töldu að grunnskóla-kennarar nyttu lítillar eða mjög lítillar virðingar en 60% mikillar eða mjög mikillar. Í rýnihópaviðtölum, bæði við kennaranema og framhaldsskólanema, komu einnig fram þessi ólíku viðhorf.



Heimild: Norræna ráðherranefndin, 2010, bls. 99–101

Mynd 4. Mat þátttakenda á viðhorfi til kennarastarfsins í sínu heimalandi

Umræðan í rýnihópaviðtölunum varðandi þennan þátt, bæði við íslenska kennaranema og framhaldsskólanema, snerist að miklu leyti um það hvort laun endurspegluðu viðhorf samfélagsins til kennarastarfsins, hvort há laun þýddu mikla virðingu og öfugt. Um 93% kennaranemanna voru mjög eða frekar sammála því í spurningakönnuninni að kennarar hefðu sveigjanlegan vinnutíma og kennaranemarnir töldu að í þessu starfi gæfist einnig góður tími til að sinna fjölskyldu. Hér kom þó fram skýr kynjamunur hjá kennaranemum; 90% kvenna töldu það mjög eða frekar mikilvægt að tími til að sinna fjölskyldu með starfi væri nægur á meðan 23% karla töldu það mikilvægt (þess ber þó að geta að karlar meðal kennaranemanna, sem tóku þátt í könnuninni, voru fáir). Um 78% kennaranemanna voru mjög sammála því að kennarar sinntu áhugaverðu starfi sem gæfi möguleika á persónulegum þroska en 22% voru frekar sammála.

Meirihluti íslensku kennaranemanna eða 58% sögðu að það væri starfið sem slíkt, áskoranir og tilbreyting sem væri ástæða námsvalsins. Um 16% sögðu að það væri ábyrgðin og áhrifin sem starfið hefði, 11% nefndu öryggi í starfi og 8% vinnutímann. Launin væru hins vegar það sem helst mælti gegn vali á grunnskólakennarastarfinu.

UMRÆÐA

Í rannsókninni, sem hér hefur verið fjallað um, kemur fram að íslensku þátttakendurnir í grunnskólakennaranámi á Menntavísindasviði 2009 voru að meirihluta konur sem aldar voru upp á Íslandi með íslensku að móðurmáli. Í rýnihópaviðtali kom fram að meirihluti íslensku grunnskólakennaranemanna átti náinn ættingja sem var með kennarapróf.

Þetta leiðir hugann að því hvort kennarahópurinn er nægilega fjölbreyttur. Ýmsir fræðimenn hafa bent á stéttamun þann sem sjá má milli hópa innan sama samfélags þar sem einstaklingar koma með heimamenningu sína sem er ólík, m.a. er varðar tungumál, viðhorf, og færni (Bernstein og Lundgren, 1983; Einarsson, 2004; Säljö, 2003). Þessi munur gerir ákveðnum hópum erfitt fyrir þegar í skólann kemur þar sem oft verður mikill munur á skólamenningu og heimamenningu. Þá eru kennarar einnig fulltrúar sinnar heimamenningar sem hefur mótandi áhrif á tungutak þeirra og viðhorf (Banks, 2008; Brooker, 2002; Santoro, 2007). Því má segja að þörf sé á skóla þar sem hinum fjölbreytilega bakgrunni nemenda sé mætt með breiðari félagslegum og menningarlegum bakgrunni grunnskólakennara (Hanna Ragnarsdóttir, 2012).

Í ljósi hinnar breyttu stöðu í íslensku samfélagi, þar sem rúmlega 5% nemenda í grunnskólum landsins eru með annað móðurmál en íslensku, verður sú spurning einnig áleitin hvernig megi stuðla að því að nemendur með fjölbreyttan bakgrunn og tungumál sækist eftir kennaramenntun. Hanna Ragnarsdóttir og Hildur Blöndal (2007) hafa bent á mikilvægi þess að grunnskólakennarar séu af ólíkum og fjölbreyttum uppruna, bæði menningarlegum og trúarlegum. Þær telja að það sé eina leiðin til að skapa þá þvermenningarlegu færni sem skólinn þarf á að halda. Hanna Ragnarsdóttir (2012) bendir á gildi þess að kennarar séu með ólíkan menningarbakgrunn og endurspegli samfélagið. Þá fjallar hún um þær niðurstöður rannsókna sinna að kennaranemar af erlendum uppruna í Kennaraháskólanum hafi upplifað sig í jaðarstöðu í kennaranáminu en séu hins vegar í mikilvægri stöðu í starfi í grunnskólunum, ekki síst vegna skilnings þeirra á reynslu nemenda. Hún bendir á að huga þurfi að því í kennaranáminu hvernig laga megi það að breyttu samfélagi með breyttum kröfum, einnig varðandi það hverjir verði kennarar. Þá má einnig velta fyrir sér nauðsyn þess að kennaranemar komi úr ólíkum þjóðfélagshópum, með ólík viðhorf, tungutak og reynslu (Colnerud og Granström, 2002; Darling-Hammond, 2006).

Eins og fram kom í niðurstöðukaflanum skar Ísland sig úr með hæsta hlutfall kvenkyns nema sem hófu nám á grunnskólakennarabraut Menntavísindasviðs árið 2009, eða 83% meðan karlar voru 17%. Til að fá svör við því af hverju karlmenn sækja ekki meira í kennarastarfið en raun ber vitni gerðu Blank og Palmqvist (1998) athyglisverða rannsókn sem þeir fjalla um í bók sinni *Vilken man vill bli lärare?! Meginniðurstöður þeirra voru að þeir fáu karlmenn sem fara í kennaranám brjóta upp hið hefðbundna kynjamynstur. Þeir sem völdu kennarastarfið skera sig úr fyrir það að velja sér ekki starf út frá stöðutækni og launum heldur persónulegum áhuga, en þeir töldu mjög mikilvægt að standa vörð um stöðu barna í samfélaginu. Í þessu samhengi eru áhugaverðar niðurstöður úr rannsókn Guðbjargar Vilhjálmisdóttur (2004) þar sem hún*

sýnir fram á að hugsun um starf eða starfshugsun sé ólík eftir kynferði. Hún byggir niðurstöður sínar á rannsókn meðal rúmlega 900 grunnskólanemenda í 10. bekk. Niðurstaða hennar er sú að áhuga- og tekjuskalar fari saman hjá drengjum en áhuga- og virðingarskali hjá stúlkum, þ.e. að áhugi drengja á störfum sé tengdur launum en hjá stúlkum sé það fremur spurning um virðingu samfélagsins. Varðandi starfsval megi því greina skýran „kynjahabitus“ í anda Bourdieus. Þá hefur Guðbjörg einnig fjallað um sýn ungmenna á grunnskólakennarastarfið sérstaklega í ljósi sömu rannsóknar (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2005). Þar kemur í ljós að drengjum finnst grunnskólakennarastarfið alls ekki eins virðingarvert og stúlkum, þeim finnst það síður áhugavert, ábyrgðarminna, það sé kvenlegra og bjóði síður upp á samskipti. Hér hlýtur að vera mikilvægt viðfangsefni til að takast á við á 21. öldinni þar sem jafnréttismál eru mikilvæg réttindamál, og ljóst er að hér er verulega vikið frá jafnréttisstefnu þeirri sem mörkuð er bæði í Háskóla Íslands og í íslensku samfélagi yfirleitt.

Kennaranemar töldu að kennarastarfið nyti ekki mikillar virðingar og það sama kemur fram hjá þátttakendum annars staðar á Norðurlöndum, að Finnlandi undanskildu. Laun væru hlutfallslega lág miðað við lengd námsins. Það er því afar forvitnilegt að skoða þær ástæður sem grunnskólakennaranemar hafa fyrir því að hefja fimm ára nám, undirbúning undir starf sem þeir telja illa launað og að njóti ekki sanngjarnrar virðingar.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að íslensku kennaranemarnir, sem rannsóknin náði til, velji sér ekki starf út frá stöðutákni og launum heldur gefa þeir upp persónulegar ástæður fyrir vali sínu. Þeir töldu sig vera að mennta sig fyrir starf sem væri mjög mikilvægt fyrir samfélagið, starf sem þeir töldu erfitt og að í því fælist mikil ögrun. Einnig töldu þeir að þeim gæfist möguleiki á persónulegum þroska í starfi og því fylgdi mikil tilbreyting, vinnutími væri sveigjanlegur og miklar siðferðis-kröfur gerðar, sem fælust í því að þeir ættu að vera fyrirmyndir nemenda sinna. Kennaranemarnir á Menntavísindasviði 2009 völdu nám sem fól í sér samvinnu fram yfir samkeppni, hagnýtt nám, sem gæfi nokkuð góða möguleika á fjölbreyttum störfum en væri ekki mjög mikils metið. Kennaranemarnir töldu námið frekar þungt en áhugavert og meirihlutinn taldi að náminu lyki ekki við útskrift. Framhaldsskólanemarnir í rannsókninni litu ekki á kennaranám og starf sem valkost fyrir sig. Laun væru of lág. Starfið væri hins vegar mikilvægt.

Hér hefur einkum verið fjallað um niðurstöður sem snerta viðhorf framhaldsskólana og kennaranema til grunnskólakennaramenntunar. Nemarnir töldu að persónuleiki kennarans og viðhorf hans skiptu mestu máli í kennarastarfinu. Virðingarstaðan og sú nauðsynlega sérfræðipækking sem háskólinn einn átti að geta veitt hafa verið helstu rökin fyrir flutningi annarra kennaramenntunarstofnana yfir í rannsóknarháskóla (Gyða Jóhannsdóttir, 2004). Háskólastigið eitt nægir augljóslega ekki; fleira þarf að koma til svo að kennaramenntunin njóti fullrar virðingar og viðurkenningar. Athygli vekja niðurstöður Westburys og félaga þess efnis að mjög sterkur rannsóknagrunnur, sem hin finnska grunnskólakennaramenntun byggist á, sé ein af meginstöðum hennar og helsti styrkur og ein veigamesta ástæðan fyrir þeirri velgengni og virðingu sem hún nýtur (Westbury, Hansén, Kansanen og Björkvist (2005).

Tæplega 80% framhaldsskólanema sem svöruðu spurningalistanum ætluðu að fara í nám að loknu stúdentsprófi. Það var hæsta prósentu sem mældist í norrænu rannsókninni. Það kom þó í ljós í rýnihópaviðtalinu að enginn þátttakendanna ætlaði sér að fara í kennaranám. Þessir þátttakendur töldu að kennarar sinntu mikilvægu starfi í samfélaginu, en töldu starfið hafa þar lága stöðu og vísuðu þar bæði til umræðu um kennara og einkum lágra launa. Þessir framhaldsskólanemar vildu helst mennta sig til starfs sem nýtur félagslegrar virðingar og gefur góð laun. Þá var sýn þeirra á kennaramenntunina einnig umhugsunarefni; þeir töldu að þar væri ekki um fræðigrein að ræða heldur að slík menntun fælist í dýpkun á faggreinum þeim sem þau hafa þegar lært. Þeir töldu góða fagþekkingu kennara mikilvægasta í kennarastarfinu, á meðan kennaranemar töldu það vera samskiptafærni.

LOKAORÐ

Kennaramenntun á Íslandi stendur frammi fyrir áskorunum sem felast í því að skapa aukna virðingu fyrir henni, auka fjölbreytileika í hópi kennaranema og kanna hvernig tengja má námið enn betur rannsóknum. Í ljósi þess áhuga sem greina mátti hjá framhaldsskólanemunum á að stunda hluta af námi sínu erlendis er áframhaldandi þátttaka í Bologna-ferlinu mikilvæg fyrir íslenskt háskólasamfélag og vert að skoða hvort ekki megi gera meira af því að bjóða kennaranemum að taka t.d. eitt misseri í erlendum skóla. Samtímis því að dregið hefur úr aðsókn í kennaranám á Íslandi á undanfórnum árum má sjá merki þess í fjölmiðlaumræðu síðustu missera að neikvæðnitónn sá sem nemar í hinum norrænu löndunum benda á, og þeir telja eiga þátt í að gera námið óspennandi, hafi náð Íslandsströnd.

Augljóst er af svörum framhaldsskólanemanna að vinna þarf að því að gera kennaranámið og -starfið heillandi svo að ungt fólk á Íslandi sjái það sem raunhæft val fyrir sig. Í þessum efnum þarf sameiginlegt átak kennaramenntunarstofnana og sveitarfélaga. Launin og virðingin voru nefnd sem helstu ástæður þess að velja ekki námið og starfið. En jákvætt viðhorf íslensku þátttakendanna sýnir að enn er tækifæri til að vinna að styrkari stöðu grunnskólakennaramenntunar. Leita þarf leiða til að nemendahópurinn verði fjölbreyttari, t.d. ætti að freista þess að fá fleiri karlmenn til að stunda kennaranám og reyna að laða að fólk af erlendum uppruna. Hér eru því ögrandi verkefni þeirra sem að kennaramenntun standa er lúta að jafnréttismálum, virðingu fyrir menntun grunnskólakennara og ráðstöfunum gegn brotthvarfi úr náminu. Svo mætti nýta sér það viðhorf kennaranema til starfsins að það sé spennandi og gefi tækifæri til persónulegs þroska og leggja áherslu á þann þátt í kynningu á náminu.

Ljóst er að mikið liggur við að standa vörð um gæði kennaramenntunar, kennarastarfið og um leið menntun komandi kynslóða og framtíð lands og þjóðar. Margt bendir til þess að við séum á leið í svipaða átt og nágrannaþjóðir okkar. Enn höfum við þó nokkurt forskot sem einkum felst í jákvæðri sýn ungs fólks á kennarastarfið og menntunina. Eins og fjallað var um í upphafi hafa viðhorf mikil áhrif og ráða miklu um val einstaklings á menntun til framtíðar.

HEIMILDIR

- Banks, J.A. (2008). Diversity, group identity, and citizenship education in a global age. *Educational Researcher*, 37(3), 129–139. doi:10.3102/0013189X08317501
- Bernstein, B. og Lundgren, U. P. (1983). *Makt, kontroll och pedagogik: Studier av den kulturella reproduktionen*. Lund: LiberFörlag.
- Blank, A. og Palmqvist, H. (1998). *Vilken man vill bli lärare?!* Stokkhólmur: HLS Förlag.
- Brooker, L. (2002). *Starting School: Young children learning cultures*. Buckingham: Open University Press.
- Colnerud, G. og Granström, K. (2002). *Respekt för läraryrket: Om lärares yrkesspråk och yrkesetik* (2. útgáfa). Stokkhólmur: HLS Förlag.
- Dahlgren, G., Gustafsson, K., Mellgren, E. og Olsson, L.-E. (1999). *Barn upptäcker skriftspråket*. Stokkhólmur: Liber.
- Darling-Hammond, L. (2000). How teacher education matters. *Journal of Teacher Education*, 51(3), 166–173. doi:10.1177/0022487100051003002
- Darling-Hammond, L. (2006). Constructing 21st-century teacher education. *Journal of Teacher Education*, 57(3), 300–314. doi:10.1177/0022487105285962
- Einarsson, J. (2004). *Språksociologi*. Lund: Studentlitteratur.
- Guðbjörg Vilhjálmisdóttir. (2004). Ólík hugsun um störf eftir kynferði. Í Úlfar Hauks-son (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum V: Félagsvísindadeild: Erindi flutt á ráðstefnu í október 2004* (bls. 193–206). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Guðbjörg Vilhjálmisdóttir. (2005). Kynbundin sýn á grunnskólakennarastarfið. Í Arna H. Jónsdóttir, Steinunn Helga Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir (ritstýrur), *Kynja-myndir í skólafarfi* (bls. 55–66). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Guða Jóhannsdóttir. (2004). Hugmyndir um flutning menntunar íslenskra barna-kennara á háskólastig 1971: Sértek fræðileg þekking, virðingarstaða eða hvað? *Uppeldi og menntun*, 13(2), 123–146.
- Guða Jóhannsdóttir. (2008). Leiðin liggur í háskólana – eða hvað? *Tímarit um mennta-rannsóknir*, 5, 27–45.
- Hanna Ragnarsdóttir. (2012). Kennarar í fjölmenningsarsamfélagi: Aðgengi fjölbreyttra nemendahópa að kennaranámi á Íslandi. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2012/ryn/002.pdf>
- Hanna Ragnarsdóttir og Hildur Blöndal. (2007). Háskólastigið í ljósi hnattvæðingar: Rannsókn á stöðu og reynslu erlendra nemenda við Kennaraháskóla Íslands. *Uppeldi og menntun*, 16(2), 161–182.
- Lortie, D. (1975). *Schoolteacher: A sociological study*. Chicago: University of Chicago Press.
- Norræna ráðherranefndin. (2009). *Comparative study of Nordic teacher-training programmes*. (TemaNord 2009:520). Kaupmannahöfn: Höfundur.
- Norræna ráðherranefndin. (2010). *Rekrutteringsproblematikken på de nordiske læreruddannelser*. (TemaNord 2010:533). Kaupmannahöfn: Höfundur.

- Santoro, N. (2007). 'Outsiders' and 'others': 'Different' teachers teaching in culturally diverse classrooms. *Teachers and Teaching*, 13(1), 81–97. doi:10.1080/13540600601106104
- Säljö, R. (2003). *Lärande i praktiken: Ett sociokulturellt perspektiv*. Stokkhólmur: Prisma.
- Sóley S. Bender. (2003). Rýnihópar. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknnum í heilbrigðisvísindum* (bls. 85–99). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Westbury, I., Hansén, S-E., Kansanen, P. og Björkvist, O. (2005). Teacher education for research-based practice in expanded roles: Finland's experience. *Scandinavian Journal of Educational Research*, 49(5), 475–485. doi:10.1080/00313830500267937
- Pórður Kristinsson. (2010). Bolognaferlið og Háskóli Íslands. *Uppeldi og menntun*, 19(1–2), 213–216.

Greinin barst tímaritinu 2. mars 2012 og var samþykkt til birtingar 29. nóvember 2013

UM HÖFUNDINN

Halla Jónsdóttir (halla@hi.is) er aðjunkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún er með meistara- og licentiatgráðu í hugmynda- og vísindasögu frá Uppsalaháskóla. Rannsóknir hennar eru á sviði kennslufræði, menntunarsögu, fjölmennningar, lífsleikni og siðfræði.

Who wants to enter teacher education, and why? The views of student teachers and secondary school students

ABSTRACT

This article is based on the findings of qualitative and quantitative research focusing on the views of those who entered the teacher education program at the Faculty of Teacher Education in the University of Iceland in 2009, as well as a group of students in their last year of secondary school. More precisely, the research sought to extract the participants' views toward teacher education and compulsory school teaching. The research also examined the background of first year student teachers whose aim was to teach at grade school levels.

The research was conducted in the schoolyear 2009–2010. A questionnaire was submitted to 118 students in their first year of teacher education, focusing on education in compulsory school, and to 44 secondary school students during their final year of study. In addition, focus groups were interviewed, comprising members from above-mentioned groups. The focus group was arbitrarily chosen, in total twelve student teachers and fifteen grade school students.

This study is part of a comprehensive Nordic research project conducted at the behest of The Nordic Council of Ministers and simultaneously launched in five different countries: Denmark, Finland, Iceland, Norway and Sweden, under the auspices of *Danmarks Evalueringsinstitut* (EVA) and *Danmarks Pædagogiske Universitet* (DPU). The report, *Rekrutteringsproblematikken på de nordiske læreruddannelser* (Norræna ráðherranefndin [Nordic Council of Ministers], 2010) provides a detailed account of the central findings of the research. The current article draws on those findings as it compares the Icelandic results to those from the other Nordic countries.

The findings of the research bring to light that the Icelandic student teachers comprised a relatively homogenous group; 83% women and 17% men. Here, Iceland stood out, with the highest proportion of female students in the department of compulsory school education. 98% of the secondary school students were native Icelandic speakers, the educational level of their mothers was higher than their fathers', and most of the student teachers within the focus group had a close relative who was a teacher. Guðbjörg Vilhjálmsdóttir's (2005) findings concerning adolescents' views on grade school reveal that boys considered the work of grade school teachers less respectable than the girls did, and similarly, the boys found the job less interesting, entailing less responsibility, and being more "feminine". Furthermore, the importance of diversity in relation to teachers' cultural and religious backgrounds has been observed by Hanna Ragnarsdóttir and Hildur Blöndal (2007). They contend that this is the only means by which the necessary cross-cultural skills can be created within schools.

Moreover, the findings of the research disclosed that the student teachers favored studies focusing on cooperation rather than studies involving competition; they also preferred practical programs which offered more possibilities for diverse positions, but were not as highly appreciated. The questionnaire revealed that Icelandic secondary school students considered the teacher's knowledge of his/her own subject the most important aspect; they believed that the same subjects were taught in teacher education as in secondary school; however, the former delved deeper into the material than the latter. On the other hand, the Icelandic student teachers noted social skills as the most important aspect of a teacher's competence. The Finnish student teachers stood out in this regard, since they alone thought that pedagogy was the hard kernel of teachers' professionalism.

The secondary school students did not believe that teaching was well suited for them. Salaries were too low. They felt, however, that the profession was important. 92% of Icelandic student teachers agreed that this profession is imperative for society. The secondary school students agreed. There was, however, a perceptible difference in relation to teachers' respect within society: 40% of student teachers believed that grade school teachers enjoyed little or very little respect.

In the questionnaire, 93% of student teachers strongly agreed, or agreed, to the statement that teachers had flexible working hours, and that, as a teacher, there would be enough free time for the family. However, there emerged a clear gender difference in the student teachers' answers: 90% of women felt it was very important, or somewhat important, to have enough time to attend to the family along with work, whereas only 23% of men were of this opinion. Around 78% of student teachers strongly

agreed that teaching was an interesting profession which offered an avenue for personal development; 22% agreed with these statements.

A majority of Icelandic student teachers, or 58%, stated that the reason for choosing their education related to the profession itself; its challenges and diversity. Around 16% claimed that their choice was due to responsibility and potential influence, 11% referred to job security and 8% mentioned the working hours. However, salary was the major factor that spoke against the profession as such.

Young people's views regarding teaching give rise to optimism and hope, but also concern, because they do not seem to view teaching as an exciting profession.

Keywords: Teacher education, Nordic teacher education, teaching

ABOUT THE AUTHOR

Halla Jonsdottir (halla@hi.is) is adjunct at the School of Education, University of Iceland. She holds a master's and licentiate degree from University of Uppsala in history of ideas and science. Her main research fields are didactics, professionalism, history of education, multicultural education and philosophy.